

Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKISJOPPUNNAR. nr. 9 FÖS 24. okt. 2008.

dagbladidnei.blogspot.com, dagbladidnei@gmail.com

NEI. ÞAÐ ER EKKI LÍFIÐ SEM ER ÓRÉTTLÁTT.

Af hverju er ekki hægt að beita neyðarlögum í þessu tilfalli – það er til að kyrrsetja eignir auðmanna sem áttu þátt í falli bankanna?

Það þarf auðvitað bara að meta tilefni til þess og ég held að að sko í því sambandi þá þarf auðvitað að að að að að vanda sig ... eins og ...

– það er rætt um að íslensk þjóð verði skuldsett marga áratugi fram í tímann. Er eignaréttur okominna kynslóða minna virði heldur en eignaréttur þessara auðmanna sem um er að ræða?

Já já. Nei nei. Nei nei nei nei, alls ekki. Og það er auðvitað þannig að ef menn hafa verið að færa peninga á milli með einhverjum óeðlilegum hætti að þá eru, standa íslenskar lagaheimildir til þess að ná því til baka. Það er alveg klárt.

Hins vegar þessar tilteknu heimildir sem er verið að tala um eins og kyrrsetning og lögbann duga ekki í þessu sambandi.

Og kemur ekki til greina að setja neyðarlög til þess að útvíkka þessar heimildir?

Ég. Sé. Ekki alveg hvernig slík löggjöf á að vera mótuð. Bara ég verð að játa það. Að við höfum dæmi í Bretlandi um þessi svokölluðu hryðjuverkalög sem hefur nú verið misbeitt herfilega núna á síðustu vikum. Ég er ekki viss um að það sé stemning fyrir því að við setjum einhver svipuð ákvæði hér í íslensk lög.

– sagði Birgir Ármannsson formaður Allsherjarnefndar í viðtali við Morgunblaðið. Enginn fulltrúi stjórnvalda hefur andmælt þessu álit hans eða gert athugasemd við mannfyrirlitningu í máli hans almennt.

Samkvæmt peningaritinu *Forbes* eru eignir Björgólfsfeðga metnar á 4,6 milljarða bandaríkjadala, sem ætti að duga passlega til að greiða *Icesave* skuldirnar. Staðgreiða þær.

En já já. Nei nei. Nei nei nei nei, alls ekki.

KÆRI LESANDI NEI.

Nú finn ég ekki textann í Njálu og man ekki hver það var sem reiddist svo að það gaus út um eyrun á honum, fossuðu vessar út um hlustirnar, og gott ef svo sprakk ekki vömbin á honum líka og gallið flóði, áður en hann stökk út úr tjaldinu, brá brandi og drap einhvern sem gert hafði á hlut hans. Það er alltof gamall og landlægur siður á þessu landi að tala ekki. Við skulum eiga orð í þetta sinn. Við skulum taka það tvö þúsund ára gamla skref inn í siðmenninguna að já okkar sé já og nei okkar nei, en bölvu ekki í bringuna og hlýða. Og við skulum taka fleiri skref.

Þetta blað gaus út um úlniðina á mér í átta daga. Okkur vantar miðil. Þessar sjálfboðanætur duga ekki til. Það er blátt áfram fáránlegt, sennilega einsdæmi í Evrópu, að hver einasti fjölmiðill í landi sé undir ritstjórn manna sem styðja ríkisstjórnarflokkana – og raunar nær eingöngu annan þeirra. Að tvö stærstu dagblöðin af þremur, og þau með hæst textahlutfall, séu í eigu eins fyrirtækis, annað þeirra flokksblað að uppruna og hjartalagi en hitt undir ritstjórn fyrrverandi formanns flokksins.

Ef við heyrðum svona sagt frá fjölmiðlaumhverfi í nokkru öðru landi myndi okkur blöskra hin kerfisbundna skoðanamótun – sem er reyndar svo gagnger að hún leysir nær því af hólmi þá skoðanakúgun sem annars þyrfti að eiga sér stað. Hér hefur um árabíl varla þrífist nein skoðun til að kúga.

Góður rithöfundur benti mér á vandann sem felst í stórfeldri fjöldaframléiðslu á lífssýn innan nýju háskólanna, sem allir eru viðskiptalífsháskólar og framléiða markaðssinna. Íslenskt markaðssamfélag hrundi til grunna en það lítur helst út fyrir að það muni reisa sjálft sig við á ný, hreinlega vegna skorts á ímyndunarafl.

JÁ JÁ. NEI NEI. NEI NEI NEI NEI, ALLS EKKI.

Bankarnir – sjálfstætt starfandi gagnageymslur í einkaeigu, stofnanir sem halda á skrá hversu mikið hverjir skulda eða eiga inni á reikningi kaupmannsins – máttu ekki fara á hausinn, enda hefði þá yfirdráttarskuldin þín og húsnæðislánsskuldin gufað upp. Þeir verða endurreistir og það er búið að senda þér reikninginn. Það er löngu búið að senda þér reikninginn fyrir ólína, svipuna og vagninn sem þú dregur.

Það er búið að skrifa reikninginn til barnanna þinna. Þau eru að prenta hann út. Sleikja svo og loka. Já já.

Hræra saman blóði, vatni, rúgmjöli, mör og salti. Troða svo í vambapokana. Nei nei.

„Hvort fólk vinnur myrkranna á milli til að borga fyrir drasl eða til að borga skuldir, skiptir auðvitað engu máli. Vissulega hefur þjóðin ekki þroska í annað en þrældóm. Ekkert hefur breyst, nema að sannleikurinn hefur læðst með látum fram í dagsljósið.“

– Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður, í *Viðskiptablaðinu* 19. okt.

Er þetta satt? Verður krafa okkar aðeins sú að sannleikurinn breiði aftur yfir sig, leggist út í horn og haldi ekki fyrir okkur vöku með því að stara svona út í loftið – okkur sem erum að reyna að hvílast til að mæta aftur í vinnuna á morgun og borga lánið? Stoppa í gatið í heiminum? Eins og það sé hægt að stoppa í gatið í heiminum!

NEI NEI NEI NEI, ALLS EKKI.

Gagnvart öllum almenningi birtast helstu fjármagnseigendur landsins, stjórnendur fyrirtækja og ráðamenn ríkisins sem einn aðili. Þannig er þessi kapítalismi þegar er búið að þurrka jókersvipinn framan af honum – frelsið var bara meik-up. Þessi aðili er búinn að gefa skýrt til kynna, til dæmis í ítrekuðum yfirlýsingum forsætisráðherra þess efnis, að hvað sem hann geri teffi hann ekki sjálfum sér í tvísýnu – nú hugsar hver um eigið skinn, þrástagar Geir H. Haarde frá fyrsta degi áfallanna, sjálfum sér næstur, að sögn.

Í 25 ár hefur ríki og markaði verið stillt upp sem andstæðum, og þannig villt um fyrir okkur, á meðan nýr veruleiki reis, nýtt ríki, sem er bara markaður. Hagsmunir þess eru ekki hagsmunir okkar. Það hvarflar ekki að fulltrúum þessa ríkis að starfa eftir neinum hugmyndum um réttlæti.

JÁ JÁ. NEI NEI. NEI NEI NEI NEI, ALLS EKKI.

Þeim sem komust burt frá New Orleans í flóðunum þótti svosem leiðinlegt að hinir skyldu þurfa að sökkva og svelta – en þeir kunnu líka að yppta öxluð eins og Krístrún Heimisdóttir, jafnaðarmaður og aðstoðarmaður utanríkisráðherra, sem svaraði umkvörtunum um afstöðu íslenskrar yfirstéttar á opnum fundi í JL-húsinu í fyrrkvöld með þessum orðum: „Lífið er óréttlátt“.

Nei, Krístrún. Lífið er fínt. Þetta ríki er óréttlátt.

Nú er enginn tími til að vera feiminn við stór orð. Nei. hatar kjaftræði. Nei. er í hjarta sínu rammvinstrisinnað dagblað, sósíalískt í þeim skilningi að vera á móti kúgun, hvaða nafni sem hún nefnist, vera á móti þeirri kerfisbundnu lygi og dauða orðanna sem beitt er til að réttlæta ranglæti og blóðugt misrétti. Það ætlar sér ekkert hugsjónalegt hlutleysi, og mun hvorki heyra sjónarmið eins rasista á móti hverjum útlendingi, nauðgara gegn hverjum femínista né fjármagnseiganda gegn hverjum félagsfræðingi. Nei. er sósíalískt í því að þrá frelsi, jafnrétti, systra- og bræðralag. Og sannleika.

Óréttlæti þessa ríkis herna blasir aftur á móti við fleirum en þeim sem eru fús að kalla sig sósíalista. Óréttlætið skall ekki á fyrir þremur vikum, heldur afhjúpaðist með óvæntri skyndingu. Og það breiddi ekki strax yfir sig aftur. Við vonuðumst flest til þess, því annars er þetta svo mikið bölvuð vesen. Ef óréttlætið breiðir ekki yfir sig blasir við okkur byltingarástand, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Og heldur bara áfram að blasa.

Geir Jón lögreflufoingi segist undrandi að allir sýni svona mikla stillingu. Lögreglan er búin að gera sig tilbúna fyrir óeirðir. Það er vonandi algjör óþarfi. Bylting snýst ekki um blóð. Bylting er það að segja nei frekar en deyja í sálinni. Jón Sigurðsson forseti var byltingarmaður. Hann sagði nei sem bergmálar enn og stofnaði með því til Íslands heldri borgara. En Ísland heldri borgara er ekki nóg.

Að sannleikurinn sé sagna bestur, þarf ekki að skilja sem mæðarlega móralska kröfu um að segja satt. Sannleikurinn er sagna bestur því hinar sögurnar, þessar lognu, eru lélegri. Þær eru leiðinlegri. Það er leiðinlegt að hlusta á mannfyrirlitninguna drjúpa af Birgi Ármannssyni. Eða heyra braka í henni þegar hún hefur storknað utan á vinum hans. Það er drulluleiðinlegt að láta ljúga að sér. Þess vegna er Nei. líka skemmtilegasta dagblað á Íslandi, eins þegar það kemur ekki út.

Takk fyrir að taka þessu blaði ótrúlega vel á átta dögum. Ég veit það vantar. En ég ætla að hætta í bili. Þessi miðill á ekki að verða að sérviskuröfli eins svefnvana kvíðasjúklings. Ástandið er alvarlegra en svo. Ég ætla að sofa næstu nætur. Svo þurfum við trúlega að bylta þessu landi. Hvernig í ósköpunum sem við förum að því. Sjáumst allavega á næstu mótmælum.